

Fræðslunefndarfundur 15.09.2022

Fundinn sátu: Sigrún Erla, Margrét Sif, Dagbjört Dúna, Patryk og Jón Kristinn.

Fundur settur kl. 18:00

Dagskrá áður en stjórnendur komu á fundinn: Margrét Sif sem bauð sig fram sem ritari fræðslunefndarinnar og var það samþykkt.

Dagskrá fundarins: Stjórnendur skólastofnanna komu með erindi hver í sínu lagi.

1. Leikskólinn: Hermína og Linda sögðu frá starfinu og hvað leikskólinn er að gera.

- Inntaka gengur vel og það er fjölgun miða við síðustu ár.
- Leikskólinn vel mannaður
- Nýtt hjá þeim er málstefnuteymi þar sem lögð er áhersla á erlendu foreldrana og er þetta samvinna milli heimilis og skóla til að efla orðaforða tvítengdra barna.
- Samstarf milli leikskólans og heilsugæslunnar að skoðanir fari fram í leikskólanum þannig þau séu í sínu umhverfi.
- Leggja á fyrir TRAS málþroska skimun fyrir börn.
- Enginn er með réttindi á leikskólanum á Lýsuhól til að taka skimanir og því var rætt hvort að einhver úr leikskólunum norðan heiða gæti farið yfir og tekið þessari skimanir.
- Starfsmenn búnir að fara á skyndihjálparnámskeið.
- Leikskólinn tók þátt í barnamenningarhátíðinni.
- Þátttaka þeirra í heilusvikunni
- Nýliðanámskeið fer fram í október
- Stytting vinnuvikunar er frekar flókin hjá þeim og erfitt að útfæra það.
- Umræða um gúmmímotturnar á leikvellinum, þær eyðileggja föt barnanna, stjórnendur og foreldrar vilja láta fjarlægja þær og komu með hugmynd um gervigras í staðinn.
- Farið var yfir framkvæmdir á húsnaðum.

2. Grunnskólinn: Lilja Stefáns og Kristín Helga sögðu frá því sem grunnskólinn væri að gera.

- Fjöldi nemenda, 211 samtals, 90 nemendur 1-5. Bekk á Hellissandi og 101 nemandur 6-10. Bekk í Ólafsvík. 20 á Lýsuhól auk 5 leikskólabörn á Lýsukoti.
- 5. Bekkur er á Hellissandi og það var mikið flækjustig og erfitt að gera stundatöflurnar.
- Fækkað var um einn í stjórnendarteymi skólans
- Leiklist kom í staðinn fyrir tónmennt í 6 og 7. Bekk í Ólafsvík.
- Skóladagatalið: starfsdagar í apríl 19-21. Hafa verið færðir þangað til í júní og flýta þarf skólaslitunum um einn dag og veður hann því 2. Júní núna.
- Íþróttirnar eru flóknar því einungis einn menntaður kennari og hún er eina sem getur kennt sundið.
- Áherslur: Olweus, málstefnan áttthagafræðin og læsis fimman.
- Smá breytingar urðu á skólareglunum.
- Lesfimiþróf: Niðurstaðan í maí 5. Og 7. Bekkur skólans undir landsmeðaltali annars yfir meðaltali í öðrum bekkjum.
- Ekki góð þátttaka í sumarlestinum.

3. Tónlistarskólinn: Valentína komst ekki og sendi hún okkur bréf.

Innritun fyrir haustönn 2022 var í ágúst.

Það eru 74 nemendur núna í Tónlistarskóla Snæfellsbæjar og 4 kennarar.

Vegna Barnamenningarhátíðar í Snæfellsbær í September 2022 nemendur og kennarar tónlistarskóla Snæfellsbæjar ætla að taka þátt:

8.september(fim.)-Heimsókn leikskóla *Kríuból* í tónlistarskóla Snæfellsbæjar á Hellissandi kl.10:30.

9.september(fös.)-Heimsókn leikskóla *Krílakot* í tónlistarskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík kl.10:30.

13.september(þri.)-nemendur og kennarar tónlistarskóla Snæfellsbæjar með tónleika á dvalaheimilinu *Jaðar* kl.15:00.

14.september(mið.)- nemendur og kennarar tónlistarskóla Snæfellsbæjar með tónleika á *Klifi* fyrir eldri borgarar kl.15:00.

14.september(mið.)- nemendur tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða með tónlistaratriði í *Ólafsvíkirkirkju* í messuni kl.20:00.

21.september(mið.)-- nemendur tónlistarskóla Snæfellsbæjar verða með tónlistaratriði á *Ingjaldshólskirkju* í messuni kl.18:00.

28..september(mið.)-tónleikar tónlistarskóla Snæfellsbæjar í *Lýsuhólsskóla* kl.13:00

Tónfundur verður í október og jólatónleikar verða þann 5.des., 12.des. í Klfi og 15.des. í Lýsuhólsskóla.

Fundi slitið 19:55